

**Mættir:** Björn Sigurðsson formaður, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliða, Viktoría Gísladóttir og Hilmar Örn Jónasson, Leifur Guðni Grétarsson, Elsa María Guðmundsdóttir og Oddur Örnólfsson.

**Afboða, mæta ekki :** Hörður Oddfríðarson, Emil Örn Harðarson,

**Fundur 19.01.2022 settur kl. 18.00** Fundurinn var fjarfundur

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

#### 2. Mót og starfsemi

- a. Bikarkeppnin fór fram í Reykjanesbæ daganna 18 og 19. Desember. Mótið fór vel fram og skipulag var gott. Mótið var haldið án áhorfenda. Sveit SH varð bikarmeistari í fyrstu deild karla og sunddeild Breiðabliks í fyrstu deild kvenna. Í annari deild sigruðu karla- og kvennasveitir SH-b.
- b. Farið var yfir atburðadagatal og dagskrá næstu mánaða skoðuð.
- c. RIG 2022 verður haldið í Laugardalslaug helgina 28-30. Janúar. Það stefnir í 263 manna þáttöku og þar af um 60 erlendir keppendur. Talið er að hægt verði að halda mótið með svipuðu sniði og í fyrra þegar að fjöldatakmörkanir voru með svipuðu sniði. Fylgst verður grannt með stöðu mála og næstu vikur og hafður sveigjanleiki í skipulagi. Fundað hefur verið með forsvarsmönnum RIG og sundfélagsins Ægis og búið að skipta niður verkum.
- d. SMÍ 2022 verður haldið í Ásvallalaug 18 og 19. júní 2022.
- e. Verið er að skoða með að fá starfsmann í markaðsmál í verktöku eða hlutastarfi.
- f. Ekki hefur ennþá borist úthlutun frá afrekssjóði fyrir árið 2022 en sent hefur verið út bréf þar sem bráðabirgðaúthlutun hefur verið tilkynnt til hægt sé að greiða út fyrir verkefni sérsambanda. Stjórn SSÍ gerir ráð fyrir að úthlutanir til sambandsins verði með svipuðu móti og fyrir árið 2021.

#### 3. Afreksmál

- a. HM25 í Abu Dhabi var haldið daganna 16. - 22. des. Ísland var með einn keppanda á mótinu sem Jóhanna Elín Guðmundsdóttir. Jóhanna stóð sig vel á mótin og hafnaði vel fyrir ofan miðju í sínum greinum.
- b. Næsta æfingahelgi framtíðarhóps var áætluð 15-16. janúar 2022. Búið er að tilkynna hópinn. Vegna Covid ástands hefur verið ákveðið að fresta þessum fyrsta „giggi“ ársins fram til 26. – 27. Febrúar.
- c. Styrktarmælingar voru fyrir unglíngahópa síðstu helgi hjá Gauta sjúkrahjúlfurum. Ragnar verður með mælingar í næstu viku.
- d. Æfingabúðir landsliðshópa á Tenerife í 2.-12. febrúar. 22 einstaklingar munu taka þátt. Þjálfarar í ferðinni verða Eyleifur, Kjell og Guðmundur. Fundað hefur verið með þjálfurum allra þátttakanda í ferðinni.
- e. Eyleifur hefur hyggju að heimsækja afreksfólk okkar sem æfir í Bandaríkjunum til að kynnast aðstæðum og þjálfurum betur.

#### 4. Fundargerðir nefnda

*Engar fundargerðir lágu fyrir fundinum.*

## 5. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Kristín Helga Hákonardóttir	Breiðablík	SH	21.12.2021	20.01.2022
Ýmir Chatenay Sölvason	Fjölnir	Breiðablík	07.12.2021	06.01.2022

*Staðfest*

## 6. Staðfesting meta

### 50 metra laug

#### Meyjamet

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
200m flugsund	Elíasabet Arnoddsdóttir	ÍRB	02:42.22	16.12.2021	Reykjanesbær
100m flugsund	Elíasabet Arnoddsdóttir	ÍRB	01:12.96	16.12.2021	Reykjanesbær

#### Sveinamet

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
50m flugsund	Gísli Kristján Traustason	ÍRB	33:05	16.12.2021	Reykjanesbær

### 25 metra laug

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
Piltament					

#### Meyjamet

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
200m flugsund	Elíasabet Arnoddsdóttir	ÍRB	02:33.07	15.12.2021	Reykjanesbær
100m flugsund	Elíasabet Arnoddsdóttir	ÍRB	01:09.39	18.12.2021	Reykjanesbær

#### Drengjamet

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:

#### Boðsund Karla

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:

#### Blönduð boðsund

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:

*Ofangreind met staðfest*

## 7. Aðsend bréf

Dags	Efni	Sendandi
18.12.2021	our last 10 years	LEN
18.12.2021	Len president cover letter	Paolo Barelli
22.12.2021	Europe 4 all	E4a
31.12.2021	Úthlutun úr afrekssjóði/ upplýsingar	ÍSí
31.12.2021	Niðurfelling 2021 Afrekssjóður	ÍSí
03.01.2022	LEN Extraordinary	LEN

### Önnur mál:

- Lögð var fyrir reglugerðarbreyting um félagaskipti og keppnisrétt á SSÍ mótum til handa þeim sem keppa með erlendum liðum. Farið var yfir tillöguna og nokkrar breytingatillögur gerðar. Formaður og framkvæmdastjóri koma með endanlega tillögu á næsta fund.

- b) Aukafing LEN verður haldið í Frankfurt í Þýskalandi þann 5. febrúar n.k. Þetta er svokallað „Extraordinary conference“ og er boðaður til þess að fella núverandi formann stjórnar LEN. Við leggjum til að við höldum línu við samstarfsfólk okkar á Norðurlöndunum og öðrum smáþjóðum og styðjum tillögu þess efnis að farið verði fram á nýjar kosningar innan stjórnar LEN.
- c) Framkvæmdastjóri sat NSF fundi með framkvæmdastjórum hinna Norðurlandanna í dag. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fundinum og fram kom m.a mikill samstarfvilji hjá þjóðunum í kringum keppni, fræðslu og þjálfun.
- d) Ársþing FINA var haldið 18. desember s.l í Sameinuðu arabísku furstadæmunum. Fulltrúar Íslands tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundabúnað. Covid fór illa með fundarmenn og urðu nokkrir af samstarfsmönnum okkar strandaglópar í eyðimörkinni um hátíðarnar.

**Ekki meira rætt og fundi slitið kl: 19.30**